



Borgarbyggð
Pétur Már Sigurðsson
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 3. febrúar 2026

Málsnúmer: 202512-0037

IAS

Efni: Hraunsás III. Tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis Borgarbyggðar frá 18. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hraunsás III.

Fyrirhugað skipulagssvæði er á um 19 ha landsvæði austur af bújörðinni Hraunsás, í Borgarbyggð, innan svæðisins er skilgreint landnotkun fyrir verslun og þjónustu alls 10,3 ha. Landið er óbyggt, vaxið birkiskógi að hluta og nær að bökkum Hvítár ofan við Barnafoss og Hraunfossa í Hálsasveit. Í aðalskipulagi er landið skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Á landinu er áformað að reisa 25 gistihús með 2 gistirýmum fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum og ítrekar hér að mikilvægt er að því sé fylgt eftir að framkvæmdum verði hagað með þeim hætti að skóginum verði raskað sem minnst og að farið verði eftir skilmálum hverfisverndar um að ekki verði heimilt að rækta erlendar plöntutegundir á svæðinu. Þá þarf að huga að því að uppbyggingin hafi ekki neikvæð áhrif á friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur